

L Ö G

um tilbúning og verzlun með smjörlíki o. fl.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Smjörlíki nefnist í lögum þessum allt það feitmeti, sem líkist smjöri, hver sem uppruni þess er eða samsetning, þegar í því eru einhver fituefni, sem ekki eiga rót sína að rekja til mjólkur.

Ostlíki nefnist ostur, sem í er önnur feiti en mjólkurfeiti.

Rjómalíki nefnist feitijafningur, sem líkist rjóma, en er ekki eingöngu gerður úr mjólkurefnum.

Mjólkurlíki kallast vökvi, sem líkist mjólk að útliti og efnasamsetningu, en önnur feiti er í en mjólkurfeiti.

Þar sem í lögum þessum er talað um smjörlikisgerð, eftirlit með smjörlikisgerðum o. s. frv., tekur það einnig til ostlíkis-, mjólkurlíkis- og rjómalíkisgerða, eftir því sem við getur átt.

2. gr.

Bannað er að framleiða smjörlíki þar, sem smjörgerð er höfð um hönd, og eigi má nota sömu tæki til skiptis við framleiðsluna.

3. gr.

Hver, sem ætlar sér að búa til smjörlíki, ostlíki, rjómalíki eða mjólkurlíki, skal tilkynna það atvinnumálaráðuneytinu minnst 2 mánuðum áður en starfsemi byrjar. Atvinnumálaráðuneytið lætur þá þann, er það hefir falið eftirlit með smjörlikisgerðum, eða þegar nauðsyn ber til, annan þar til hæfan mann, skoða húsakynnin. Sé þeim ábótavant, má starfsemin eigi byrja fyrr en breytingar eru gerðar, sem fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru til húsnæðis og áhalda.

Sé breyting gerð á húsnæði, eða nýtt húsnæði fengið fyrir smjörlikisgerð, þarf einnig til þess samþykki eftirlitsmanns.

Smjörlikisgerð má eigi, án samþykkis atvinnumálaráðherra, vera í húsnæði, þar sem önnur starfsemi er höfð með höndum.

Smjörlikisgerðum er skylt að halda bækur yfir framleiðsluna, og skulu þær um hver áramót senda eftirlitsmanni smjörlikisgerða nákvæma skýrslu um, hve framleiðslan hefir verið mikil af smjörlíki eða öðrum vörum, sem ræðir um í lögum þessum, á árinu. Einnig skulu þær tilkynna honum, hve mikið hafi verið

notað af hverri tegund fituefna til framleiðslu varanna, þar á meðal af mjólk, **32**
rjóma og smjöri. 19. júní

Þess skal gætt, að framleiðslan sé þrifaleg og að fylgt sé nauðsynlegum heilnæmisreglum við hana. Atvinnumálaráðherra getur sett reglur um bókhald og skýrslur smjörlikisgerða, svo og hverjar kröfur eru gerðar til þrifnaðar o. fl.

4. gr.

Þegar vörur þær, sem um getur í 1. gr. laga þessara, eru boðnar til sölu, sýndar eða auglýstar, fluttar inn í landið eða út úr því, skulu þær nefndar, eftir því sem við á, smjörliki, ostliki, rjómaliki eða mjólkurlíki, svo og skal geta nafns framleiðanda. Bannað er, að orðin smjör, mjólk og rjómi eða nokkur orð eða myndir, sem minnt geti á landbúnaðarafurðir, séu notuð í sambandi við vörur þær, sem lög þessi fjalla um, á nokkurn annan hátt en í vöruheitunum sjálfum, svo sem þau eru skilgreind í 1. gr.

5. gr.

Í smjörliki á að vera að minnsta kosti 80% fituefni og eigi meira en 16% vatn. Smjörliki og önnur þau efni, sem nefnd eru í 1. gr., mega ekki vera blönduð öðrum efnum til varnar skemmdum en matarsalti, og eigi vera lituð með efnum, sem eru hættuleg fyrir heilsu manna, og hefir atvinnumálaráðherra úrskurðarvald um þau efni.

6. gr.

Atvinnumálaráðherra getur, eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands, ákveðið, að í öllu smjörliki, sem framleitt er hér á landi til sölu, sé tiltekinn hundraðshluti af íslenzku smjöri. Skytt er að blanda erlent smjörliki, sem selt er hér á landi, sama hundraðshluta af íslenzku smjöri og ákveðið er um innlent smjörliki á sama tíma. Skal sú blöndun fram fara hér á landi og undir sama eftirliti og íslenzku smjörlikisgerðirnar eru háðar.

Atvinnumálaráðherra setur nánari reglur um þetta, eftir því sem þurfa þykir.

Annars er bannað að verzla með smjör, sem á annan hátt en segir í þessari grein er blandað smjörliki eða öðrum fituefnum en mjólkurfeiti.

7. gr.

Í öllu mjólkurlíki og rjómalíki, sem búið er til eða notað í landinu, skal vera litarefni, sem greini það glögglega frá mjólk og rjóma. Atvinnumálaráðherra ákveður, hver litarefni skuli notuð og hve mikið af þeim.

8. gr.

Í öllu smjörliki, ostliki, rjóma- og mjólkurlíki skulu vera 2‰ af hreinni jarðplasterkju.

9. gr.

Á umbúðum alls innlends smjörlikis skal standa skýru letri orðið Smjörliki ásamt nafni smjörlikisgerðar þeirrar, sem vöruna hefir framleitt. Um innflutt

32 smjörliki gilda sömu ákvæði, þó svo, að fyrir orðið Smjörliki má standa Margarine, en á umbúðum standi ávallt með greinilegu letri orðið Útlent. Þessi ákvæði taka einnig til smjörlikis, sem selt er í lausri vigt í sölubúðum.

Nú er smjörliki selt mótað, og skal þá þungi skökunnar vera $\frac{1}{4}$, $\frac{1}{2}$ eða $\frac{1}{4}$ kg., og skal skrá það á umbúðirnar.

Atvinnumálaráðherra getur sett nánari reglur um umbúðir og merkingu á vörum þeim, sem lög þessi fjalla um, svo og um hámarksverð á smjörliki, sem blandað er smjöri.

10. gr.

Atvinnumálaráðuneytið sér um, að ákvæðum laga þessara sé fylgt, og getur ráðuneytið falið forstöðumanni efnarannsóknarstofu ríkisins eftirlit með starfsemi smjörlikisgerðanna.

Eftirlitsmanni skal jafnan heimill aðgangur að smjörlikisgerðum þeim, sem honum er falið eftirlit með. Er honum heimilt að taka sýnishorn til rannsóknar, bæði af hráefnum og fulltilbúnum vörum. Forstöðumönnum smjörlikisgerða er skylt að veita eftirlitsmanni þær upplýsingar um framleiðsluna, sem hann óskar og starf hans varðar, og sýna honum framleiðslubækur þær, sem nefndar eru í 3. gr.

Eftirlitsmaður hefir þagnarskyldu um allt, sem lýtur að framleiðslu og rekstri smjörlikisgerða, og má ekki sjálfur notfæra sér eða láta öðrum í té upplýsingar, sem hann kann að fá um sérstakan útbúnað eða aðferðir hverrar verksmiðju.

11. gr.

Lögreglustjórum er falið eftirlit með rekstri smjörlikisgerða og útsölustöðum í samráði við eftirlitsmann, og skal þeim jafnan heimilt að taka til rannsóknar sýnishorn af hráefnum og vörum þeim, er smjörlikisgerðirnar framleiða.

Lögreglustjórar og tollstjórinn í Reykjavík hafa eftirlit með inn- og útflutningi á vörum þeim, sem nefndar eru í 1. gr., og hafa rétt til að láta rannsaka þær.

12. gr.

Til greiðslu á kostnaði við eftirlit og framkvæmd þessara laga getur atvinnumálaráðuneytið lagt gjald á verksmiðjur þær, sem framleiða þær vörur, sem nefndar eru í lögnum. Gjaldið skal miða við framleiðslu verksmiðjanna, og má fela eftirlitsmanni innheimtu þess.

Gjald það, sem verksmiðjunum ber að greiða, má taka lögtaki.

13. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 100 til 5000 krónum, nema þyngri hegning liggja við samkvæmt öðrum lögum.

Skal fara með mál út af þeim sem almenn lögreglumál, nema um brot á hegningarlögnum sé að ræða.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla úr gildi lög nr. 38 20. júní 1923, um verzlun með smjörliki og líkar iðnaðarvörur, tilbúning þeirra m. m., og lög nr. 28 27. júní 1925, um breyting á lögum nr. 38 20. júní 1923, um verzlun með smjörliki o. s. frv.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Dorsteinn Briem.

32

19. júní

L Ö G

33

19. júní

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í samkomu-
lagi um viðskiptamál milli Íslands og Noregs.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að samkomulag það, er undirritað
var í Oslo þann 17. sept. 1932 milli Íslands og Noregs og prentað er sem fylgi-
skjal með lögum þessum, um fiskiveiðahagsmuni Norðmanna á Íslandi og inn-
flutninginn á söltuðu íslenzku kindakjöti til Noregs, skuli koma í gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Ásgeir Ásgeirsson.